

alt hið hreina, alt það, sem er eins hreint og drifhvíta línið hans Vetrar, er hann breiðir það fyrst á jörðina.

En svo vill hann líka að sé mjúkt undir fæti, þegar þið hoppíð og leikið ykkur. Líka á að vera mjúkt undir ykkur, þegar þið veltið ykkur eða steypið ykkur kollhnís, eins og stundum kemur fyrir að þið gerið, þegar ærslin eru í ykkur og þið þurfið að velta þeim úr ykkur.

En svo býður hann ykkur líka að renna ykkur eða aka á sieða á hvítu ábreiðunni sinni. Það er ekki ónýtt. Enda lyftist á ykkur brúnin, þegar hann kallar til ykkar og býður ykkur út í dansinn þann með sér. Og gaman er þá að horfa á ykkur, þegar þið þeytist á stað í veðrinu leikandi um vangana og með fönnina fjúkandi um ykkur.

Þá eru pollarnir og lækirnir og díkin og tjarnirnar og árnar. Yfir þetta alt leggur Vetur glæru, hálu brýrnar sínar. Þar haslar\*) hann ykkur leikvöll. Hann veit, að þið eruð mikil á ferðinni og þurfið að hafa nægilega rúmt um ykkur. Enda fást þið til þess að fara út á leikvöllinn. Það þarf ekki að dextra ykkur. En munð eitt: að lofa brúnum að verða nógu sterkar áður en þið farið út á þær. Þær geta svikið ykkur, ef herra Frost, sem er brúa-meistari hjá Vetri, fær ekki nægan tíma til þess að gera smíðið sitt traust. Þið megið því ekki vera of bráðlát. Það kemur sér stundum illa. Margt barnið hefur orðið að súpa af því.

Stundum glettist Vetur til við ykkur. Tekur þá í nefið á ykkur og klípur í eyrun. Getur þá verið, að þið skælið ykkur. Viljið ekki hafa neitt með þau atlot hans. En hann er að herða ykkur. Hann vill ekki, að neitt ykkar verði væskill. Þið vitið, hvað væskill er. Ef ekki, þá spyrjið hann pabba ykkar. — Vetri þykir vænt um herslu-hnokka, sem fara ekki að væla, þó ögn sé komið við þá, eða þó þeir lendi í snjókast og snjóköglar lendi framan í þá. Þeir kæra sig ekki um það, herslu-hnokkarnir. Og Vetur gamli skelli-hlær, þegar þeir kinka kolli framan í hann og halda áfram snjókastinu, eins og ekkert hefði í skorist.

Nú, það kemur fyrir, að Vetur grettir sig og lætur illa og rekur ykkur inn. Og þá er ekki við lambið að leika sér. Það er best að hlýða honum þá undir eins og forða sér. Hann vill láta hlýða sér. Honum er ekkert um ódæl og óhlýðin börn, sem eingöngu vilja fara sínu fram. Þau hafa ilt af því að vera ódæl. Þau, sem hlýða, finna, að það er best—það er best að fara inn, þegar Vetur skipar.

\*) Býr til.